

Sp.

22. Þjóðhagsáætlun

[22. mál]

fyrir árið 1988.

(Lögð fram af forsætisráðherra 13. okt. 1987.)

I. INNGANGUR

Mikið góðæri hefur ríkt í íslenskum þjóðarbúskap á þessu ári. Framleiðsla hefur farið vaxandi og stefnir jafnvel í meiri hagvöxt í ár en í fyrra sem þó var einstaklega gott ár. Þjóðartekjur hafa aukist enn meira en landsframleiðsla vegna batnandi viðskiptakjara. Kaupmáttur tekna hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. Atvinna hefur verið mikil og raunar hefur gætt verulegs skorts á vinnuafli.

Á hinn bóginn hefur sigið á ógæfuhliðina varðandi verðbólgu og viðskiptahalla. Verðbólga frá upphafi til loka árs stefnir nú í 25%, samanborið við 13% í fyrra, en það var minnsta verðbólga hér á landi á heilu ári í hálfan annan áratug. Þá eru líkur á því að viðskiptahalli gagnvart útlöndum á þessu ári svari til um rúmlega 1% af landsframleiðslu. Á síðasta ári var hins vegar afgangur af utanríkisviðskiptunum sem nam tæplega ½% af landsframleiðslu í fyrsta sinn frá árinu 1978. Þessa óhagstæðu þróun má rekja til þeirrar þenslu sem verið hefur í þjóðarbúskapnum á þessu ári. Þrátt fyrir mikla aukningu þjóðartekna hafa þjóðarútgjöld aukist enn meira öfugt við það sem var á síðasta ári. Margt hefur lagst á eitt til að skapa þessa eftirspurnarþenslu. Mikil tekjuaukning í sjávarútvegi, hallarekstur ríkissjóðs, miklar erlendar lántökur og útlánþensla í bankakerfinu hafa valdið uppgangi í efnahagsstarfsemi sem leitt hefur til mikilla almennra launahækkana. Þetta hefur haft í för með sér að allir þættir þjóðarútgjalda hafa aukist til muna. Forsenda þess að

varanlegur árangur náist í baráttunni gegn verðbólgu og viðskiptahalla er að betra samræmi komist á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna en verið hefur á þessu ári.

Nú eru horfur á að verulega dragi úr hagvexti á næsta ári hvort sem miðað er við landsframleiðslu eða þjóðartekjur. Miðað við forsendur þessarar áætlunar er gert ráð fyrir því að landsframleiðsla og þjóðartekjur verði því sem næst óbreyttar á árinu 1988 frá þessu ári. Til samanburðar er reiknað með að landsframleiðsla aukist um 6½% á þessu ári og þjóðartekjur um 9½%. Þetta stafar einkum af því að ekki er búist við að útflutningsframleiðsla aukist nema lítillega á næsta ári þar sem talið er nauðsynlegt að draga úr sjávaraflla auk þess sem ekki er gert ráð fyrir að viðskiptakjör batni á næstunni frá því sem þau eru nú. Því er ljóst að halda verður aftur af aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári ef koma á í veg fyrir að verðbólga magnist enn og að viðskiptahalli verði óviðunandi. Með hliðsjón af framvindunni að undanförunu og horfum fyrir næsta ár hefur ríkisstjórnin markað stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum og gengismálum sem miðar að því að veita þjóðarútgjöldum og innlendri verðlagsþróun á næstunni eins mikið aðhald og kostur er. Þessi stefnumörkun felur meðal annars í sér nokkra viðbótartekjuöflun fyrir ríkissjóð á þessu ári, hallalaus fjárlög fyrir árið 1988, aðhald að útlánnum banka, takmarkanir á innstreymi erlends lánsfjár og ýmsar ráðstafanir til að efla innlendan sparnað og treysta þar með gengi krónunnar.

Stefna ríkisstjórnarinnar miðar að hjöðnun verðbólgu á næsta ári og að því að dregið verði úr fyrirsjáanlegum halla á viðskiptum við önnur lönd á árinu 1988. Það er hins vegar ekki á valdi stjórnvalda einna að tryggja að þessi árangur náist. Ekki er síður mikilvægt að kjarasamningar fyrir næsta ár taki mið af þeim ytri skilyrðum sem þjóðarbúinu verða sett.

Í næsta kafla er gerð nánari grein fyrir markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og þeim leiðum sem hún hyggst fara til að þau náist. Í þriðja kafla er rakin framvinda efnahagsmála á þessu ári. Í fjórða kafla er lýst efnahagshorfum fyrir árið 1988 eins og þær eru nú metnar.

II. MARKMIÐ OG LEIÐIR

1. Markmið

Markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næstu árum eru að örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífnum á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar, að bæta lífskjör og að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd, sem stöðugast verðlag og fulla atvinnu. Við ríkjandi aðstæður og í ljósi þeirra horfa sem við blasa er þó nauðsynlegt að markmiðin um hjöðnun verðbólgu og betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum njóti forgangs. Hér á eftir er nánar fjallað um einstök markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á árinu 1988.

1. Verðlag

Einn helsti vandi í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir er vaxandi verðbólga. Ríkisstjórnin telur brýnasta verkefni sitt á sviði efnahagsmála vera að ná verðbólgu hér á landi niður á svipað stig og í helstu samkeppnis- og viðskiptalöndum. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að því að leggja grunn að stöðugleika í verðlagsmálum með aðhaldi að þjóðarútgjöldum á næstunni. En árangur á þessu sviði veltur ekki síður á því að almenn samstaða skapist um þetta markmið og þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að það náist.

2. Viðskiptajöfnuður

Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að tryggja jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Ríkisstjórnin hefur því sett sér það takmark að draga úr fyrirsjáanlegum viðskiptahalla á næsta ári. Til þess að ná þessu markmiði eru boðaðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum

með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988, sem gerir ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári, og í peningamálum með ráðstöfunum til að efla innlendan sparnað, halda aftur af útlánnum innlánsstofnana og takmarka erlendar lántökur.

3. Atvinna

Á þessi ári hefur ríkt mikil spennan á vinnumarkaði. Skortur á vinnuafli hefur leitt til mikilla launahækkana hjá ýmsum hópum launafólks og magnað launakröfur annarra þannig að efnahagslegum stöðugleika er stefnt í hættu. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á næga og örugga atvinnu. Jafnframt mun hún stuðla að því að betra jafnvægi komist á milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði.

4. Kaupmáttur og lífskjör

Kaupmáttur tekna er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því að verja þann árangur sem náðst hefur í sókn til bættra lífskjara innan þeirra marka sem ytri skilyrði þjóðarbúsins og verðlags- og viðskiptajafnaðarmarkmið ríkisstjórnarinnar setja. Eftir mikinn uppgang í efnahagslífinu síðustu tvö til þrjú árin eru horfur á hægum hagvexti á næstunni. Mikilvægt er því að höfsemi verði gætt í kjarasamningum fyrir næsta ár, þannig að ekki verði teft á tæpaþátt með verðbólgu og atvinnu. Ríkisstjórnin telur þó mikilvægt að áhersla verði lögð á að bæta kjör þeirra sem hafa lægst laun.

5. Framleiðsla og þjóðartekjur

Framleiðsla og þjóðartekjur hafa aukist ört að undanförunu. Bætt ytri skilyrði hafa átt hér stóran hlut að máli, en innlendar aðstæður hafa einnig verið hagstæðar. Ekki eru líkur á að ytri skilyrði þjóðarbúsins batni á næsta ári og því er búist við litlum sem engum hagvexti. Til lengri tíma litið vill ríkisstjórnin örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar. Ríkisstjórnin mun stuðla að þessu með því að móta meginreglur um atvinnu- og efnahagslífið, en hafa sem minnst bein afskipti af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum.

2. Leiðir

Eins og fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er grundvallaratriði í efnahagsstefnu hennar:

„að móta meginreglur um efnahagsleg samskipti og umgjörð atvinnu- og efnahagslífs sem tryggi eðlilega samkeppni og samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Afskipti ríkisins af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum verði sem minnst. Með almennum aðgerðum verði skapaðar aðstæður fyrir tækniþróun, aukinn útflutning og fjölbreytni í atvinnulífinu.“

Þessa umgjörð atvinnu- og efnahagslífsins kynnir ríkisstjórnin fyrir fram í þjóðhagsáætlun, fjárlagafrumvarpi og lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, þannig að einstaklingar og fyrirtæki geti tekið sínar eigin ákvarðanir í ljósi hennar. Meginþættir efnahagsstefnunnar birtast í stefnunni í gengismálum, peningamálum, ríkisfjármálum og atvinnumálum. Við ríkjandi aðstæður telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að beita samræmdum ráðstöfunum á öllum þessum sviðum gegn þenslu. Hér á eftir verður fyrst lýst ráðstöfunum í ríkisfjármálum og peningamálum, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til þegar í stað til að koma á betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum en þar á eftir verður efnahagsstefnunni til lengri tíma lýst í nánari atriðum.

1. Ráðstafanir í efnahagsmálum

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1988 verður lagt fram hallalaust og dregið úr lántökum ríkisins. Ríkissjóður mun ekki taka ný erlend lán á næsta ári. Þá miðar lánsfjárlagafrumvarp að miklum samdrætti í erlendum lántökum í heild árið 1988. Gripið hefur verið til almennra ráðstafana til að draga úr erlendum lántökum með lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð. Flýting aðgerða til tekjuöflunar mun í senn draga úr innflutningi og bæta stöðu ríkissjóðs á þessu ári og því næsta.

- Innflutningsgjald á bifreiðum hækkar frá og með 12. október misjafnlega mikið eftir stærð bifreiða, mest á stærri gerðum.
- Fækkun undanþága frá söluskatti verður flýtt. Frá 1. nóvember falla niður söluskattundanþágur á matvælum. Frá þeim tíma munu öll matvæli bera 10% söluskatt. Jafnframt verður 75 milljónum króna varið til tímabundinna niðurgreiðslna á búvöru.
- Verð á áfengi og tóbaki hækkar um 8% að meðaltali frá og með 12. október.

Auk ráðstafana til að bæta stöðu ríkissjóðs hefur ríkisstjórnin ákveðið aðgerðir til að efla innlandan sparnað og bæta jafnvægi á lánamarkaði.

- Bönkum og sparissjóðum verður heimilað að bjóða gengisbundna innlánsreikninga og gefið svigrúm til að lána út með sambærilegum kjörum, meðal annars mun ríkissjóður bjóða gengisbundin skuldabréf og víxla í þessu skyni.
- Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf. Heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskiptastöðu sína verða rýmkaðar. Íslendingum verður heimilað að kaupa skuldabréf ríkisins og annarra íslenskra aðila sem til sölu eru á verðbréfamörkuðum erlendis. Þá verða veittar heimildir til kaupa á öðrum trygguðum verðbréfum.
- Ríkissjóður mun bjóða gengisbundin spariskírteini til sölu á innlendum markaði.
- Jafnframt því sem haldið verður óbreyttum kjörum á tveggja ára spariskírteinum ríkissjóðs sem selst hafa vel að undanförunu verða önnur spariskírteini boðin fram með betri kjörum í samræmi við markaðsaðstæður.
- Vextir af ríkisvixlum verða endurskoðaðir reglulega en jafnframt boðnir ríkisvixlar til lengri tíma en verið hefur.
- Sala og dreifing spariskírteina og ríkisvixla verður endurbætt.
- Til þess að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til að fresta áformum sínum og draga þannig úr innstreymi erlends lánsfjár á næstunni verður gjald á erlendar lántökur fellt niður við lok næsta árs.
- Rutt verður úr vegi skattalegum hindrunum þess að almenningur spari í formi hlutafjárkaupa.
- Ríkisstjórnin mun afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Á næstunni verður fylgst nákvæmlega með því hvort þörf verður fyrir frekari aðgerðir til að tryggja nægilegt aðhald í útlánum bankanna.

Stöðugt gengi krónunnar er hornsteinn efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þar sem fast gengi er forsenda stöðugleika í verðlagsmálum. Markmið ríkisstjórnarinnar er að brjótast út úr vitahring verðbólgunnar og leggja þannig grunn að jafnvægi í efnahagsmálum sem er forsenda áframhaldandi hagvaxtar og velmegunar. Til áréttingar þessari stefnu hefur Seðlabankinn með samþykki ríkisstjórnarinnar ákveðið að gengi krónunnar verði haldið stöðugu miðað við vægi erlendra gjaldmiðla í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Ásamt aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum er fastgengisstefnunni ætlað sporna við verðbólgu. Jafnframt er með þessu eytt þeirri óvissu sem ríkt hefur í efnahagsmálum að undanförunu og mótuð almenn umgjörð fyrir ákvarðanir og efnahagsleg samskipti í hagkerfinu.

2. Peningamál

Stjórn peningamála verður miðuð við það að framvindan á peningamarkaði samrýmist verðbólgu- og viðskiptajafnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Lánastofnunum verður veitt aðhald innan ramma gildandi laga. Sýnt er að raunvextir munu haldast allhár á næstunni. Seðlabankinn mun ársfjórðungslega gera grein fyrir þróun raunvaxta hér á landi í samanburði við viðskipta- og samkeppnislönd. Einnig verður fylgst með vaxtamun. Þá mun ríkisstjórnin stuðla að því að innlendir sparnaður aukist, meðal annars með þeim ráðstöfunum sem lýst var hér að framan. Ein helsta forsenda lækkunar raunvaxta er betra jafnvægi í ríkisfjármálum og miðar fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár að því marki.

Dregið verður úr ábyrgð ríkisins á og afskiptum af bankarekstri og lánastarfsemi. Stefnt verður að samruna banka með því að setja um það efni almennar reglur, en einnig með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu en tryggja jafnframt eðlilega samkeppni milli alhliða viðskiptabanka. Stefnt verður að því að heimila þátttöku erlendra aðila í bankastarfsemi hér á landi samkvæmt ákveðnum reglum.

Við ríkjandi þensluaðstæður er óhjákvæmilegt að þrengja heimildir til erlendar lántöku með því að gera auknar kröfur um innlenda fjáröflun. Meðal fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar var að leggja 3% tímabundinn skatt á erlendar lántökur og sérstakt ríkisábyrgðargjald í því skyni að halda aftur af erlendum lántökum. Í framhaldi af þessum ráðstöfunum hafa heimildir til erlendar lántöku verið þrengdar um sinn. Meginreglan verður að erlend lán séu ekki tekin vegna innlends kostnaðar við framkvæmdir. Hliðstæðar reglur skulu gilda um kaup- og fjármögnunarleigu. Eins og áður sagði gilda þessar takmarkanir til ársloka 1988. Þá er fyrirhugað að setja reglur um afborgunar- og greiðslukortaviðskipti.

3. Ríkisfjármál

Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum eru að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, stokka upp tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, og endurmeta útgjaldapörf ríkisins, herða skatta- eftirlit.

Jafnvægi í ríkisbúskapnum er mikilvægur þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Í starfsáætlun sinni markaði ríkisstjórnin þá stefnu að eyða hallanum á ríkissjóði á þremur árum. Fyrsta skrefið í þessa átt var tekið á miðju sumri. Þegar ríkisstjórnin var mynduð voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að afla ríkissjóði viðbótartekna á árinu. Annað skref í þessa átt eru aðgerðir þær í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til nú í byrjun október. Loks verður skrefið stigið til fulls með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 sem gerir ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er annað veigamikið atriði í þessari stefnumörkun. Tilgangurinn er að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru:

- Veruleg fækkun söluskattsundanhága. Jafnframt verði skatthlutfallið lækkað og miðað við eina álagningarprósentu. Með þessu væri stigið skref í átt til upptöku virðisaukaskatts.
- Tekjuskattsálagning á atvinnurekstur verður endurskoðuð og einfölduð og að því stefnt að ný skipan taki gildi á árinu 1988.
- Fyrsti áfangi í átt til samræmingar í álagningu launaskatts kemur til framkvæmda á næsta ári, þannig að 1% skattur verður lagður á allar þær atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar greiðslu, nema búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar verður óbreyttur frá því sem nú er, eða 3½%.
- Sú tollasamræming og niðurfelling ýmissa smærri vörugjalda, sem verið hefur á döfinni um nokkurra ára skeið, kemur til framkvæmda á næsta ári. Þessi ráðstöfun felur meðal annars í sér lækkun hæstu tolla og niðurfellingu tolla af aðföngum. Í staðinn verður lagt á eitt vörugjald til þess að vega upp tekjutap sem af þessari ráðstöfun hlýst.
- Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð. Lagt verður sérstakt gjald á verktakafyrirtæki sem starfa að varnarliðsframkvæmdum.
- Loks má nefna staðgreiðslu beinna skatta einstaklinga, sem tekin verður upp um næstu áramót.

Framkvæmd og eftirlit með skattalögum verður stórlega hert. Veigamikil forsenda þess er, að skattkerfið verði einfaldara og undanhágum fækkað eins mikið og kostur er. Jafnframt verður bókhaldseftirlit eflt, bæði hjá skattstofum og innheimtuaðilum, eftir því sem við verðu komið, auk þess sem eftirlitsstarfsemi ríkisstjóra og skattransóknarstjóra verður aukin. Þessu verður síðan fylgt eftir með hertum viðurlögum við skattalagabrotum.

Útgjaldaáform ríkissjóðs verða endurmetin með það fyrir augum að tryggja sem besta nýtingu skatttekna í þágu almennings. Mikilvægur þáttur í þessu endurmati er að draga sem mest úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Jafnframt verður sjálfstæði og rekstrarábyrgð ríkisstofnana aukin og fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda eflid. Fyrsta skref í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga verður stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Hlutur velferðarmála í útgjöldum ríkisins eykst á kostnað framlaga til atvinnuvega.

- Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegs er helmingi lægri fjárhæð en í ár.
- Fjármagnstilfærslur til ýmiss konar starfsemi í tengslum við landbúnað og iðnað eru lækkaðar.
- Niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur vegna landbúnaðarafurða lækka að raungildi.
- Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru afnumin.
- Ráðstöfunarfé bygingarsjóða er aukið bæði af ríkisframlagi og fjáröflun hjá lífeyris-sjóðunum.
- Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er stóraukið til að draga úr skuldasöfnun hans.

- Auknu fé er varið til samgöngubóta á landi og í lofti til að treysta byggð í landinu.
- Aukin áhersla er lögð á málefni fatlaðra með því að auka framlög til byggingar og reksturs heimila og dvalarstaða fyrir fatlaða.

4. Atvinnumál

Stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er rakin ítarlega í starfsáætlun hennar. Hér verður látið nægja að nefna nokkra mikilvæga þætti hennar. Ríkisstjórnin telur að hlutverk ríkisins í atvinnumálum sé einkum að tryggja að almenn skilyrði atvinnustarfsemi séu stöðug og jöfn að því er varðar verðlag, gengi, skatta og lánskjör en ekki að skipta sér af eða reka atvinnufyrirtæki.

Núgildandi lög um stjórn fiskveiða renna út um næstu áramót. Samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar skal fiskveiðistefnan endurskoðuð og stefna mörkuð er taki gildi í upphafi næsta árs. Sjávarútvegsráðherra hefur skipað fulltrúa þingflokka og helstu hagsmunaaðila og stofnana sem tengjast sjávarútvegi í sérstaka nefnd sér til ráðuneytis við mótun þessarar stefnu.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að frjáls verðlagning sé meginreglan í viðskiptum þar sem samkeppnisáðstæður leyfa. Aðhald að verðmyndun í innflutningsverslun verði aukið með bættri verðgæslu og samanburðarathugunum á verði hér og í öðrum löndum. Skipan útflutningsverslunar verður einfölduð og færð til meira frjálsræðis þar sem áðstæður á erlendum mörkuðum leyfa.

Á sama hátt og fríverslun er meginstefna ríkisstjórnarinnar varðandi viðskipti með vörur og þjónustu telur hún að auka beri frjálsræði í gjaldeyrisverslun og fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa. Stefnt er að því að draga úr skilaskyldu útflytjenda á gjaldeyri og hömlum á erlendri fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Nauðsynlegt er að endurskoða og samræma lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Markmiðið er að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Jafnan verður þó tryggt að erlendir aðilar nái ekki tókum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Forsætisráðherra hefur skipað sérstaka nefnd til að undirbúa þessar breytingar.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða löggjöf um starfshætti og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Endurskoðunin mun jafnframt ná til eignarhalds sjóða og ríkisábyrgðar. Markmiðið er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi að hverfa frá hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu sjóðanna þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Í öðru lagi stefnir ríkisstjórnin að því að draga úr afskiptum sínum af starfsemi fjárfestingarlánasjóða, meðal annars með afnámi ríkisábyrgðar eins og áður sagði.

III. FRAMVINDAN 1987

Skemmst er frá því að segja að mikil þensla hefur sett svip sinn á framvindu efnahagsmála það sem af er árinu. Margir þættir hafa lagst á eitt til að skapa þessa þenslu. Tekjuaukning í sjávarútvegi hefur verið mikil vegna aukins fiskafla og verðhækkana á erlendum mörkuðum. Ríkissjóður hefur verið rekinn með halla. Útlán bankakerfisins hafa aukist mikið og erlent lánsfé hefur streymt inn í landið. Meðal annars af þessum sökum hefur ríkt mikil spennan á vinnumarkaði og almennar launahækkanir hafa farið langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í kjölfar kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá því í desember á síðasta ári. Jafnframt hefur kaupmáttur atvinnutekna aukist verulega umfram það sem samningarnir gerðu ráð fyrir.

Þetta hefur leitt til mun meiri aukningar útgjalda en reiknað var með í áætlunum fyrr á árinu með tilsvarendi veltuaukningu í ýmsum atvinnugreinum og vaxandi innflutningi. Jafnframt hafa horfur um verðlagsþróun sífellt versnað eftir því sem á árið hefur liðið. Hér á eftir verður gerð grein fyrir forsendum og niðurstöðum endurskoðaðrar þjóðhagsspár fyrir árið 1987.

Afli og útflutningsframleiðsla

Fyrri áætlanir fyrir þetta ár hafa byggst á því að á þessu ári yrði þorskaflí 380 þúsund tonn, afli annarra botnfisktegunda 290 þúsund tonn, rækjuafli 36 þúsund tonn og loðnuafli 900 þúsund tonn. Aflabrogð fyrstu átta mánuði ársins gefa hins vegar tilefni til að endurskoða þessar áætlanir. Nú er gert ráð fyrir að á þessu ári verði þorskaflí 390 þúsund tonn og rækjuafli 40 þúsund tonn. Á hinn bóginn er reiknað með heldur minni afla annarra botnfisktegunda, eða 282 þúsund tonnum, en óbreyttum loðnuafli þótt óvissa ríki um loðnuveiðar nú í haust. Í ljósi þessara aflahorfa gæti sjávarvöruframleiðsla aukist um 7% á föstu verði frá síðasta ári samanborið við 5½% í fyrri áætlunum.

Horfur eru á að framleiðsla í útflutningsgreinum öðrum en sjávarútvegi aukist um 3% að raungildi á þessu ári og er þetta heldur minni aukning en spáð hefur verið áður. Þetta á einkum við um framleiðslu á áli og kísiljárn. Samtals er nú gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla aukist um 6% að raungildi á árinu. Vöruútflutningur í heild er hins vegar ekki talinn aukast um nema 2% þar sem mjög mikið var selt úr birgðum sjávarvöru á síðasta ári en litlar líkur eru á að svo verði á þessu ári. Raunar voru sjávarvörubirgðir því sem næst uppnar í ársbyrjun.

Hagur atvinnuvega

Pegar á heildina er litið hefur afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi verið mun betri undanfarin tvö ár en mörg ár þar á undan. Flest bendir til þess að á árinu 1986 hafi botnfiskveiðar og vinnsla í heild verið reknar án halla og að á þessu ári muni þær skila nokkrum hagnaði. Áætlun, sem tekur mið af aðstæðum nú í byrjun október, gefur til kynna að botnfiskvinnsla í heild sé enn rekin með hagnaði, einkum söltun. Þó ríkir nokkur óvissa um þróun launa- og hráefniskostnaðar að undanfögnu. Botnfiskveiðar eru hins vegar reknar með hagnaði miðað við núverandi rekstrarskilyrði. Hagur rækjuvinnslu hefur versnað mjög síðustu mánuði vegna lækkunar á verði rækju á erlendum mörkuðum. Þá er afkoma loðnurvinnslu slæm en loðnuveiða óviss.

Álfraframleiðsla verður nokkru minni á þessu ári en áður hefur verið reiknað með vegna framleiðsluferfiðleika í sumar. Á hinn bóginn hefur álverð hækkað mjög að undanfögnu og gert er ráð fyrir að álverksmiðjan skili hagnaði á árinu. Samdráttur hefur einnig orðið í kísiljárnframleiðslu og er reiknað með að tap verði á rekstri járnblendiverksmiðjunnar á þessu ári.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um afkomu í öðrum atvinnugreinum á þessu ári. Í því efni er við fátt annað að styðjast en tölur um veltubreytingar á fyrri hluta ársins og upplýsingar um innlenda verðlags- og kostnaðarþróun á árinu. Samkvæmt söluskattsframtölum hefur heildarvelta í ýmsum greinum verslunar og þjónustu aukist töluvert umfram hækkun verðlags á fyrri hluta þessa árs og ekkert bendir til að afkoma í þessum greinum sé slæm um þessar mundir. Þá virðist sem veruleg veltuaukning hafi átt sér stað í vörugreinum iðnaðar á þessu ári. Á hinn bóginn er ljóst að mikil hækkun innlends kostnaðar ásamt stöðugu gengi það sem af er árinu hefur þrengt hag innlendra samkeppnisgreina. Raungengi krónunnar hefur hækkað talsvert á þessu ári og er það nú svipað og það var á árunum 1980 og 1981 en 15–20% hærra en árið 1983.

Ríkisfjármál og peningamál

Hallarekstur ríkissjóðs og fjármögnun hans með erlendri lántöku og yfirdrætti í Seðlabanka hefur átt sinn þátt í þeirri þenslu sem einkennt hefur þjóðarbúskapinn á þessu ári. Fyrstu átta mánuði ársins var tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs tæplega 2,9 milljarðar króna. Á sama tíma var peningaleg eignaaukning ríkissjóðs 1,5 milljarðar króna. Hrein lánsfjárbörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því tæplega 4,4 milljarðar króna og var henni mætt með erlendri lántöku að fjárhæð 1,5 milljarðar króna, innlendri lántöku að upphæð 1 milljarður króna, einkum hjá innlánsstofnunum, og 1,9 milljarða króna yfirdrætti í Seðlabanka. Þessar tölur fara nærri því sem gert var ráð fyrir í áætlun á miðju sumri um stöðu ríkissjóðs á þessu ári að öðru leyti en því að innlend lántaka hefur verið mun minni en þar var reiknað með en erlend lántaka og yfirdráttur í Seðlabankanum að sama skapi meiri. Aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar nú í október fela hins vegar í sér nokkrar viðbótartekjur fyrir ríkissjóð á þessu ári og bæta þar með stöðu hans lítillega.

Yfirlit ríkisfjármála 1987

	Fjárhæðir í milljónum króna.		
	Fjárlög 1987	Ný áætlun 1987	Staða jan.-ágúst 1987
Tekjuafgangur/halli	-2.843	-2.110	-2.853
— % af VLF	-1,4	-1,0	-1,4
— % af tekjum	-6,6	-4,4	-11,0
Peningaleg eignaaukning	-180	1.267	1.506
— % af VLF	-0,1	0,6	0,7
Hrein lánsfjárbörf	2.663	3.377	4.359
— % af VLF	1,3	1,7	2,2
— innl. lántaka, nettó	2.370	1.906	994
— erl. lántaka, nettó	370	620	1.481
— Seðlabanki, nettó	-77	851	1.884

Töluverðrar þenslu hefur gætt í peningamálum á þessu ári og hefur hún komið fram í því að bæði inn- og útlán hafa aukist verulega umfram hækkun lánskjaravísitala. Þá hefur sú breyting átt sér stað á þessu ári frá því sem var á árunum 1985 og 1986 að útlán hafa aukist með svipuðum hraða og innlán. Frá áramótum til ágústloka jukust heildarinnlán innlánsstofnana um 24% en heildarútlán um 29%. Heildarútlán að frádregnum afurðalánum og lánum til ríkissjóðs jukust hins vegar um tæplega 25%. Á sama tíma hækkaði lánskjaravísitalan um 13%. Mikið framboð lánsfjár í bankakerfinu stafar ekki síst af því að aðgangur að erlendu lánsfé hefur verið greiðari en áður, meðal annars vegna nýlegra reglna um gengisbundin afurðalán og fjármögnunar- og kaupleigustarfsemi. Nú er gert ráð fyrir því að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12,4 milljarðar króna á þessu ári en lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir lántökum erlendis að fjárhæð 8,2 milljarðar króna. Helming þessarar aukningar, eða 2 milljarða króna, má rekja til erlendra lántöku fjármögnunarleiga. Margir þættir hafa lagst á eitt til að skapa mikla eftirspurn eftir lánsfé. Má þar nefna mikinn uppgang í sjávarútvegi, sem jafnan hefur mikla fjárfestingu í för með sér, hallarekstur ríkissjóðs og lánsloforð byggingarsjóða.

Vextir eru nú mun hærri hér en áður hefur tíðkast. Frá því vaxtaákvörðanir voru færðar frá Seðlabanka til banka og sparisjóða 1. nóvember á síðasta ári hafa vextir innlánsstofnana hækkað verulega vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Þannig voru raunvextir langra

verðtryggðra skuldabréfalána hjá bönkum og sparisjóðum 5% í október í fyrra en nú í september voru þeir á bilinu 8½—9%. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir úr 6,5% í 7,2—8,5% um miðjan ágúst. Á almennum fjármagnsmarkaði eru vextir hins vegar mun hærri en þetta.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Í kjölfar kjarasamnings ASÍ og VSÍ í desember á síðasta ári var reiknað með því að atvinnutekjur á mann yrðu að meðaltali 22—23% hærri á þessu ári en í fyrra. Raunin hefur hins vegar orðið sú að almennar launahækkanir á árinu hafa orðið mun meiri. Nú bendir allt til að atvinnutekjur á mann hækki að meðaltali um 37—38% milli árána 1986 og 1987. Þessar miklu launahækkanir stafa ekki síst af þeirri eftirspurnarþenslu sem ríkt hefur í hagkerfinu á árinu og hefur meðal annars leitt til mikillar spennu á vinnumarkaði.

Eftir því sem á árið hefur liðið hafa horfur um verðbólgu sífellt versnað. Í ársbyrjun var því spáð — meðal annars á grundvelli áætlana um launaþróun — að vísitala framfærslukostnaðar mundi hækka um 14½% frá meðaltali síðasta árs en um 11—12% frá upphafi til loka þessa árs. Nú eru hins vegar horfur á að hækkun vísitölunnar frá síðasta ári verði 18—19% en um 25% á þessu ári. Þessa breytingu má einkum rekja til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi hefur eftirspurnarþensla verið mikil eins og áður sagði. Í öðru lagi hefur innlendir kostnaður hækkað verulega, meðal annars vegna mikilla launahækkana. Í þriðja lagi hefur verð opinberrar þjónustu hækkað meira en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Loks hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, bæði frá því í sumar og nú í byrjun október, falið í sér hækkun óbeinna skatta, sem óhjákvæmilega hefur áhrif til hækkunar verðlags.

Prátt fyrir meiri verðbólgu en spáð var í upphafi árs er ljóst að aukning kaupmáttar á þessu ári fer langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í ársbyrjun. Þá var reiknað með að kaupmáttur atvinnutekna á mann yrði að jafnaði 7% hærri á þessu ári en í fyrra. Nú virðist hins vegar stefna í að aukningin verði um 16%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna gæti aukist enn meira vegna léttari byrði af beinum sköttum á þessu ári en í fyrra. Að langstærstum hluta kom þessi kaupmáttaraukning fram á fyrsta og öðrum ársfjórðungi og er reiknað með að kaupmáttur haldist því sem næst óbreyttur á síðari helmingi ársins.

Hlutfall launa af þjódartekjum hefur sveiflast verulega á undanförunum árum. Árið 1982 fór það í um 70% en lækkaði mjög á næstu tveimur árum og var um 60% árið 1984. Síðan hefur það hækkað ört og benda áætlanir til að það verði um 71% á þessu ári, eða herra en um langt árabil.

Þjódarútgjöld

Þjódarútgjöld eru nú talin verða mun meiri á þessu ári en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri spám. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukinna einkaneysluútgjalda vegna mikillar kaupmáttaraukningar á árinu. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fjárfesting verði töluvert meiri en í fyrri áætlunum.

Sú mikla kaupmáttaraukning sem átti sér stað á fyrri hluta ársins hefur meðal annars komið fram í stórauknum einkaneysluútgjöldum heimilanna. Þessa sér merki í mikilli veltuaukningu í ýmsum greinum sem selja vörur sínar og þjónustu á innlendum markaði og í stórauknum innflutningi. Á fyrri helmingi ársins var velta í ýmsum verslunar- og þjónustugreinum 17—18% meiri að raungildi en á sama tíma í fyrra. Þá var almennur innflutningur — að olíuinnflutningi undanskildum — fyrstu átta mánuði ársins um fjórðungi meiri í föstu gengi en sömu mánuði á síðasta ári. Gert er ráð fyrir því að heldur dragi úr þessari þenslu á síðari helmingi ársins meðal annars vegna minni kaupmáttaraukningar en á fyrri hluta ársins og vegna þeirra aðhaldsaðgerða sem ríkisstjórnin hefur nú gripið til. Á þessum forsendum er því spáð að fyrir árið í heild aukist einkaneysla um 12% að raungildi frá árinu 1986.

Ekki er reiknað með neinum breytingum á fyrri áætlunum um samneysluútgjöld á þessu ári og er áfram búist við því að þau aukist um 4% að raungildi frá síðasta ári. Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir nokkru meiri fjárfestingu á árinu en áður meðal annars í ljósi mikils innflutnings á vélum og tækjum á fyrri hluta ársins. Í heild gæti því fjárfesting aukist um 8% að raungildi frá síðasta ári.

Samtals felst í þessum áætlunum spá um tæplega 10% aukningu neyslu- og fjárfestingarútgjalda að raungildi á þessu ári. Að teknu tilliti til þess að reiknað er með að lítið sem ekkert verði selt úr birgðum á þessu ári samanborið við töluverða birgðasölu í fyrra verður útgjaldaaukningin í reynd enn meiri, eða rúmlega 11%.

Utanríkisviðskipti

Horfur um viðskiptakjör á þessu ári eru nú heldur betri en gert var ráð fyrir í júlí. Þá var reiknað með að viðskiptakjörin í heild yrðu að meðaltali um 5½% betri í ár en í fyrra en nú er reiknað með að viðskiptakjarabatinn verði um 6%. Verð á sjávarafurðum hefur haldið áfram að hækka auk þess sem líkur eru á að útflutningsverð iðnaðarvöru verði nokkru hærra í ár en áður hefur verið reiknað með. Þetta á einkum við um verð á áli sem hefur hækkað verulega undanfarna mánuði. Nú er gert ráð fyrir að verð útflutningsvöru verði í heild rúmlega 14% hærra í krónum talið á þessu ári en í fyrra en verð innflutningsvöru tæplega 8% hærra. Í heild gætu því viðskiptakjör vöru batnað um 6% frá síðasta ári.

Sú mikla eftirspurn sem verið hefur á fyrri hluta ársins hefur haft í för með sér mikla aukningu vöruinnflutnings. Fyrstu átta mánuði ársins var vöruinnflutningur í heild þriðjungur meiri en á sama tíma í fyrra. Vöruútflutningur sömu mánuða jókst hins vegar aðeins um fimmting milli ára. Þetta hefur leitt til lakari vöruskiptajafnaðar við útlönd á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um rúmlega 2 milljarða króna fyrstu átta mánuði ársins og vantar ríflega 2 milljarða króna upp á vöruskiptaafgang sömu mánuði á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að vöruskiptajöfnuðurinn verði ívið lakari á síðari hluta ársins en í fyrra vegna mikils innflutnings skipa og flugvéla. Því er áætlað að í heild verði afgangur af vöruskiptum við útlönd tæplega 1½ milljarður króna í ár samanborið við tæplega 4 milljarða króna afgang á síðasta ári.

Þjónustuviðskipti — að vaxtagreiðslum undanskildum — reyndust nokkuð óhagstæðari á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra. Þannig var um ½ milljarður króna afgang af þjónustuviðskiptunum fyrstu sex mánuði þessa árs, samanborið við 1 milljarð króna í afgang sömu mánuði í fyrra. Hins vegar eru líkur á því að þjónustujöfnuðurinn sýni aðeins um 2 milljarða króna afgang á þessu ári, sem er óhagstæðari niðurstaða en í fyrra og munar þar tæplega 1 milljarði króna og má meðal annars rekja það til aukinna útgjalda Íslendinga erlendis. Horfur um vaxtajöfnuð á árinu eru óbreyttar frá fyrri spám þrátt fyrir að vextir erlendis hafi heldur þokast upp á við að undanfögnu. Hann gæti því orðið óhagstæður um tæplega 6 milljarða króna á árinu.

Að öllu samanlögðu felst í þessum áætlunum spá um tæplega 2½ milljarð króna í viðskiptahalla á þessu ári sem svarar til rúmlega 1% af landsframleiðslu samanborið við um ½% í fyrri áætlunum fyrir þetta ár. Á síðasta ári var hins vegar afgangur af viðskiptum við útlönd sem nam tæplega ½% af landsframleiðslu.

Erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs umfram afborganir af eldri lánnum eru taldar verða tæplega 6 milljarðar króna á þessu ári. Samkvæmt því verða erlendar langtímaskuldir þjóðarbúsins í árslok um 83 milljarðar króna á gengi í lok júní sl. Hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verður þá rúmlega 40%, samanborið við 47% í árslok 1986. Nettóstaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum lækkar hins vegar úr rúmlega 45% af landsframleiðslu í árslok 1986 í 37% í lok þessa árs. Gert er ráð fyrir að greiðslubyrði vegna afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánnum nemi tæplega 16% af útflutningstekjum á þessu ári, sem er talsvert léttari greiðslubyrði en á síðasta ári en þá var hún um 19% af útflutningstekjum.

Yfirlit þjóðhagsspár fyrir árið 1987

Sú endurskoðun á þjóðhagsspá fyrir árið 1987 sem lýst hefur verið hér að framan gefur til kynna meiri hagvöxt á þessu ári en fyrri áætlanir. Nú er gert ráð fyrir að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði rúmlega 6½% í ár. Þessi hagvöxtur stafar fyrst og fremst af mikilli aukningu þjóðarútgjalda á árinu, einkum einkaneysluútgjalda, sem haft hefur í för með sér mikil umsvif í verslun og þjónustu. Á hinn bóginn dregur mikil aukning innflutnings, sem að hluta má rekja til aukinnar einkaneyslu, verulega úr hagvexti á þessu ári. Í heild draga utanríkisviðskiptin að birgðabreytingum meðtöldum úr hagvexti um nálægt 3% á þessu ári.

Yfirlit þjóðhagsspár árið 1987

	Breyting frá fyrra ári %	Hlutdeild í hagvexti %
Einkaneysla	12,0	7,4
Samneysla	4,0	0,7
Fjárfesting	8,0	1,4
Birgðabreytingar	—	1,2
Þjóðarútgjöld	11,2	10,7
Útflutningur vöru og þjónustu	2,9	1,2
Innflutningur vöru og þjónustu	15,1	-5,3
Viðskiptajöfnuður, án vaxta	—	-4,1
Landsframleiðsla	6,6	6,6

Áætlun um framleiðsluaukningu eftir atvinnugreinum bendir til ívið meiri aukningar landsframleiðslu á þessu ári en ofangreind spá, eða um 7½%, og má meðal annars rekja þann mun til ólíkra uppgjörsaðferða. Verslun, samgöngur, þjónusta og starfsemi hins opinbera eiga stærstan hlut í þessari framleiðsluaukningu, eða rúmlega 5½%, en sjávarútvegur, iðnaður og byggingarstarfsemi innan við 2%.

Framleiðsla atvinnuvega árin 1986 og 1987

	Breytingar í framleiðslu		Hlutdeild í hagvexti	
	1986	1987	1986	1987
	%	%	%	%
Landbúnaður og vinnsla búvöru	-2,5	2,2	-0,2	0,1
Fiskveiðar og fiskvinnsla	13,8	5,8	2,0	0,9
Almennur iðnaður	4,5	4,6	0,5	0,5
Byggingarstarfsemi	-3,0	6,0	-0,2	0,4
Verslun og veitingarekstur	6,5	12,5	0,8	1,5
Starfsemi hins opinbera	3,9	6,5	0,5	0,8
Samgöngur, þjónusta o. fl.	5,8	9,1	2,2	3,3
Framleiðslan í heild	5,5	7,5	5,5	7,5

IV. HORFUR 1988

Efnahagshorfur fyrir árið 1988 benda til þess að í besta falli verði hægt að halda í horfinu með þjóðartekjur og kaupmátt miðað við það sem verður á þessu ári. Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur hagvöxtur hér á landi á mælikvarða landsframleiðslu verið að jafnaði 5½—6% á ári. Þjóðartekjur hafa aukist enn örar á þessu tímabili, eða um 7—7½% á ári að meðaltali, vegna batnandi viðskiptakjara. Nú eru hins vegar horfur á því að á næsta ári dragi verulega úr hagvexti. Þetta stafar einkum af því að ekki er reiknað með að útflutningsframleiðsla aukist nema lítillega þar sem talið er nauðsynlegt að draga úr fiskafla frá því sem hann verður í ár og ekki eru horfur á að viðskiptakjör batni í viðlíka mæli og á undanförunum árum. Miðað við forsendur þessarar áætlunar er gert ráð fyrir að landsframleiðsla og þjóðartekjur verði því sem næst óbreytt á árinu 1988 frá þessu ári.

Á árunum 1985 og 1986 var aukning þjóðarútgjalda minni en aukning þjóðartekna en á þessu ári hefur þetta snúist við og þjóðarútgjöld aukist meira en þjóðartekjur. Meðal annars af þessum sökum hefur verðbólga farið vaxandi og viðskiptahalli aukist að undanförunu. Því virðist ljóst að veruleg hætta er á því að jafnvægisleysis gæti í efnahagsmálum á árinu 1988 ef ekki tekst að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda á næstunni. Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin markað stefnu í efnahagsmálum sem miðar að því að veita öllum þáttum þjóðarútgjalda aðhald á næstunni.

Hér á eftir er helstu atriðum í efnahagshorfum fyrir árið 1988 lýst. Þessar horfur mótast annars vegar af almennum efnahagsskilyrðum, jafnt innlendum sem erlendum, og hins vegar af stefnu þeirri í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin hefur mótað til að stuðla að hjöðnun verðbólgu og til að sporna við auknum viðskiptahalla á næsta ári og lýst er nánar hér að framan.

Eins og jafnan á þessum árstíma eru ýmsar mikilvægar forsendur spár um framvindu efnahagsmála á næsta ári óráðnar. Af innlendum forsendum ber fyrst að nefna að fiskveiðistefnan fyrir næsta ár hefur ekki enn verið mótuð og eykur það óvissuna sem jafnan ríkir um væntanlegan sjávarafila. Þá gætir verulegrar óvissu um verðlags- og tekjuþróun á næstu misserum. Hækkun launa um rúmlega 7% um síðustu mánaðamót og sú hækkun óbeinna skatta sem ákveðin hefur verið valda því að verðbólguhraðinn eykst talsvert næstu mánuði. Þá er fram undan gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrir næsta ár. Á miklu ríður að í þeim verði tekið mið af horfum um ytri skilyrði þjóðarbúsins á næsta ári og verður í því sambandi einnig að hafa í huga þá miklu aukningu kaupmáttar sem orðið hefur að undanförunu. Af erlendum forsendum má nefna að óvissa ríkir um áframhaldandi viðskiptakjarabata. Þessu valda jafnt almennar sem sérstakar aðstæður í umheiminum. Hagvöxtur í iðnríkjunum hefur verið fremur hægur undanfarin tvö ár og er ekki talið líklegt að á því verði breyting á næsta ári. Því má búast við tiltölulega lítilli aukningu almennrar eftirspurnar á helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur. Þótt eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum sé mismunandi bæði eftir mörkuðum og tegundum er líklegt að í besta falli verði unnt að halda þeirri miklu hækkun á verði sjávarafurða erlendis sem átt hefur sér stað undanfarin misseri. Afar ólíklegt er að búhnykkur í líkingu við stórfellda lækkun olíuverðs falli þjóðinni í skaut á næstunni. Á þessu ári hefur olíuverð á heimsmarkaði og vextir á alþjóðalánamörkuðum farið heldur hækkandi og gæti sú þróun haldið áfram.

Afli og útflutningsframleiðsla

Eins og áður sagði renna núgildandi lög um stjórn fiskveiða út um næstu áramót. Sjávarútvegsráðherra hefur skipað sérstaka ráðgjafarnefnd fulltrúa þingflokka og helstu hagsmunaaðila og stofnana sem tengjast sjávarútvegi til að vera sér til ráðuneytis við

undirbúning fiskveiðistefnu. Stefnt er að því að frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða verði lagt fyrir Alþingi um mánaðamótin október/nóvember nk. Ekki verða teknar ákvarðanir um hámarksafla einstakra tegunda á næsta ári fyrr en þessi lög hafa verið samþykkt. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að verulega verði dregið úr þorskafla næstu tvö árin en nokkra aukningu í öðrum botnfiskafla. Horfur um afla á næsta ári verða óvissar þar til reglur um veiðitakmarkanir liggja fyrir en nokkur samdráttur í þorskveiðum virðist óhjákvæmilegur. Breyting á afurðasamsetningu gæti vegið á móti samdrætti í afla og er hér gengið út frá að svo verði. Hvort breytt afurðasamsetning vegur aflasamdráttinn upp að fullu er verulegri óvissu undirorpið og gæti því stefnt í samdrátt útflutningstekna af sjávarafurðum á næsta ári. Horfur um þjóðartekjur og viðskiptajöfnuð mundu versna að sama skapi.

Miðað við óbreytta sjávarvöruframleiðslu á næsta ári gæti útflutningsframleiðslan í heild aukist um 1% að raungildi milli árána 1987 og 1988 þar sem reiknað er með nokkurri framleiðsluaukningu í útflutningsgreinum öðrum en sjávarútvegi. Munar þar mestu um mikla aukningu í framleiðslu fiskeldisafurða. Einnig er reiknað með því að framleiðsla á áli og kísiljárni aukist um 2% frá þessu ári.

Ekki er reiknað með teljandi birgðabreytingum í útflutningsgreinum á árinu 1988. Þó er talið að heildarvöruútflutningur muni aukast heldur minna en útflutningsframleiðsla, eða um nálægt ½%, vegna lítillar sölu skipa og flugvéla úr landi á næsta ári.

Þjóðarútgjöld

Óvissa ríkir um þróun þjóðarútgjalda á næsta ári sem meðal annars má rekja til óvissu um væntanlega verðlags- og tekjuþróun. Þá er nokkrum erfiðleikum bundið að meta nákvæmlega áhrif þeirra aðhaldsaðgerða í fjármálum og peningamálum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið.

Einkaneysluútgjöld, sem vega langþingst í þjóðarútgjöldum, eða nálægt tveimur þriðju, ráðast að verulegu leyti af ráðstöfunartekjum heimilanna. Hér er reiknað með að einkaneysluútgjöld heimilanna í heild aukist um ½% að raungildi milli árána 1987 og 1988 á þeirri forsendu að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist ekki. Þessi forsenda fyrir kaupmætti ráðstöfunartekna á næsta ári er vitaskuld óviss ekki síst þar sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir frá og með næstu áramótum. Á hinn bóginn er ljóst að ekki er svigrúm fyrir almenna aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna á næsta ári ef ná á markmiðunum um hjöðnun verðbólgu og að dregið verði úr fyrirsjáanlegum viðskiptahalla á árinu 1988.

Útgjaldaáform ríkisins eins og þau koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 eru talin fela í sér um 2% aukningu samneysluútgjalda að raungildi á næsta ári. Þetta er töluvert minni aukning en á þessu ári. Þá er reiknað með að opinberar framkvæmdir í heild dragist saman á næsta ári. Áætlað er að framkvæmdir við raforkuver aukist mikið, en á móti vegur líklegur samdráttur í samgönguframkvæmdum sem má rekja til þess að framkvæmdum við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli er lokið. Fjárfesting í heild er þó talin munu aukast á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir aukinni fjárfestingu á öðrum sviðum. Munar þar mestu um aukna fjárfestingu í íbúðarhúsabyggingum. Að öllu samanlögðu er því áætlað að fjármunamyndun aukist um 1½% á næsta ári.

Samkvæmt þessu verða neyslu- og fjárfestingarútgjöld í heild á næsta ári um 1% meiri að raungildi en á þessu ári.

Utanríkisverslun

Undanfarin tvö ár hafa viðskiptakjörin í heild batnað mjög mikið, eða um samtals nálægt 11—12%. Hér hefur margt lagst á eitt meðal annars stórfelld lækkun olíuverðs í upphafi árs

1986 en ekki síður hækkun fiskverðs í erlendri mynt sem hefur gert gott betur en vega upp gengislækkun dollarans. Ekki er búist við miklum breytingum á gengi helstu gjaldmiðla á næstu misserum þótt tímabundnar sveiflur muni án efa áfram setja svip á alþjóðagjaldeyrismarkaði. Þá er einnig gert ráð fyrir því að verulega dragi úr hækkun verðs sjávarafurða á erlendum mörkuðum á næstunni. Reiknað er með að verð á sjávarafurðum verði að meðaltali 3% hærra í krónum talið á næsta ári en í ár miðað við óbreytt gengi krónunnar. Þessi verðhækkun er að stærstum hluta þegar komin fram. Ýmislegt bendir til þess að fiskverð erlendis hafi náð hámarki í bili og hefur verð á sumum afurðum, þar á meðal á rækju og skelfiski, lækkað að undanfögnu. Verð annarrar útflutningsvöru gæti hækkað töluvert meira, eða um 8%, einkum vegna hækkandi álverðs að undanfögnu. Samtals gæti því verð útflutningsvöru í heild hækkað um 4%. Á innflutningshlið er reiknað með að verð almenns vöruinnflutnings — að olíu undanskilinni — fylgi almennri verðþróun í milliríkja viðskiptum og gæti það því hækkað um 4% í krónum talið frá því sem það verður að meðaltali á þessu ári. Olíuverð á heimsmarkaði hefur heldur farið hækkandi frá því um síðustu áramót. Miðað við að það haldist óbreytt frá því sem það er nú verður það að jafnaði 10% hærra á næsta ári en í ár. Í heild gæti því verð innflutningsvöru hækkað um 4½%. Samtals er því reiknað með að viðskiptakjör vöru verði heldur lakari á árinu 1988 en á þessu ári. Hvað varðar þjónustuviðskipti — að vaxtagreiðslum frátöldum — er hins vegar gert ráð fyrir heldur meiri verðhækkunum á útflutnings- en innflutningshlið. Vextir af lánum í dollurum hafa hækkað nokkuð undanfarna mánuði en lækkað af lánum í öðrum gjaldmiðlum. Þetta stafar að nokkru af ólíkri verðlagsþróun í hinum ýmsu löndum og raunvextir hafa því lítið breyst. Þótt vextir á alþjóðalánamarkaði hafi í heild fremur hækkað að undanfögnu og ekki sé búist við umtalsverðum breytingum á næstunni má gera ráð fyrir því að meðalvextir af erlendum lánum Íslendinga verði svipaðir á árinu 1988 og á þessu ári vegna skuldbreytinga gamalla lána. Að öllu samanlögðu er því spáð að viðskiptakjörin í heild verði því sem næst óbreytt á næsta ári.

Horfur um innflutning á næsta ári eru óljósar þar sem hann ræðst að miklu leyti af þjóðarútgjöldum og þróun raungengis krónunnar gangvart erlendum myntum. Þær áætlanir um útgjaldaþróun, sem lýst var hér að framan, gefa tilefni til að spá um 1—1½% aukningu almenns vöruinnflutnings að raungildi árið 1988. Miklar innlendar verðlagshækkunarir á þessu ári umfram verðhækkunarir í milliríkja viðskiptum og stöðugt gengi krónunnar hafa hins vegar gert það að verkum að verðhlutföll hafa breyst innlendum samkeppnisgreinum í óhag. Miðað við að gengi krónunnar verði áfram haldið stöðugu gæti almennur vöruinnflutningur því aukist um allt að 3% að magni til á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að sérstakur vöruinnflutningur aukist talsvert á næsta ári. Samtals er reiknað með að vöruinnflutningur aukist um rúmlega 3½%. Eins og áður sagði er reiknað með að vöruútflutningur aukist um 1% að raungildi milli árána 1987 og 1988. Þessar áætlanir um vöruútflutning og vöruinnflutning og þær horfur á viðskiptakjörum vöru, sem raktar voru hér að ofan, fela í sér nokkurn halla á vöruviðskiptum við önnur lönd á næsta ári gagnstætt því sem verið hefur undanfarin tvö ár.

Talið er að nokkru meiri afgangur verði af þjónustuviðskiptum — að vaxtagreiðslum undanskildum — á næsta ári en í ár en að vaxtajöfnuðurinn verði ívið óhagstæðari. Að öllu samanlögðu stefnir því í talsvert meiri viðskiptahalla árið 1988 en á þessu ári eða sem gæti svarað til tæplega 2% af landsframléiðslu.

Verðlag

Veruleg óvissa er um þróun verðlags á næsta ári en talsverð hækkun á verðlagi milli ársmeðaltala 1987 og 1988 er fyrirsjáanleg vegna örra verðhækkana síðustu mánuði ársins og í upphafi næsta árs. Hér er þó reiknað með að hækkun verðlags frá upphafi til loka næsta árs verði innan við 10%.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði haldið óbreyttu frá því sem það er nú allt næsta ár. Á hinn bóginn er ljóst að undanfarin misseri hefur verðlagsþróun hér á landi verið útflutningsgreinum og innlendum samkeppnisgreinum óhagstæð auk þess sem viðskiptahalli hefur farið vaxandi. Í forsendunni um áframhaldandi fast gengi krónunnar felst því að hratt dragi úr verðbólgu er líða tekur á árið 1988. Forsenda þess að slíkur árangur náist í baráttunni gegn verðbólgu er hvort tveggja í senn: Aðhaldssemi í stjórn ríkisfjármála og peningamála á næsta ári og hófsamir kjarasamningar í vetur.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1988

Á þeim forsendum fyrir framleiðslu og þjóðarútgjöldum, sem hér hefur verið lýst, verður hagvöxtur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu á næsta ári óverulegur. Þjóðartekjur í heild aukast ekki heldur þar sem reiknað er með óbreyttum viðskiptakjörum. Samkvæmt þessu verða landsframleiðsla og þjóðartekjur á mann minni á næsta ári en í ár. Þetta eru mikil umskipti frá því hagvaxtarskeiði sem ríkt hefur undanfarin tvö til þrjú ár og er afar brýnt að útgjaldaákvæðanir einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera taki mið af þeim.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar árið 1988

	Breyting frá fyrra ári %	Hlutdeild í hagvexti %
Einkaneysla	0,5	0,3
Samneysla	2,0	0,3
Fjárfesting	1,5	0,3
Birgðabreytingar	—	—
Þjóðarútgjöld	1,0	0,9
Útflutningur vöru og þjónustu	1,0	0,3
Innflutningur vöru og þjónustu	3,0	-1,0
Viðskiptajöfnuður, án vaxta	—	-0,7
Landsframleiðsla	0,2	0,2

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1986–1988

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, % ¹⁾		
	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-
			áætlun 1988			áætlun 1988
1. Einkaneysla	97 970	130 100	154 150	6,5	12,0	0,5
2. Samneysla	27 600	36 320	43 400	6,5	4,0	2,0
3. Fjárfesting	29 030	36 130	41 050	-2,2	8,0	1,5
4. Neysla og fjárfesting, alls .	154 600	202 550	238 600	4,6	9,8	1,0
5. Birgðabreytingar ²⁾	-2 008	-100	.	-0,7	1,3	.
6. Þjóðarútgjöld, alls	152 592	202 450	238 600	3,9	11,2	1,0
7. Útflutningur vöru og þjónustu	63 125	73 450	77 300	6,2	3,0	0,9
8. Innflutningur vöru og þjónustu	56 342	70 050	75 400	0,3	15,1	3,1
9. Verg landsframleiðsla ...	159 375	205 850	240 500	6,3	6,6	0,2
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	-6 229	-5 800	-6 300	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	554	-2 400	-4 400	.	.	.
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	153 146	200 050	234 200	6,3	6,7	0,0
13. Viðskiptakjaraáhrif ³⁾	2,5	2,6	0,1
14. Vergar þjóðartekjur (12.+13.)	8,6	9,3	0,1
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	0,3	-1,2	-1,8
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VPF	0,3	-1,2	-1,8

1) Magnbreytingar 1986 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en í spá fyrir 1987 og 1988 á verðlagi fyrra árs.

2) Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1986–1988

	Milljónir króna (fob.) á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags- áætlun 1988	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags- áætlun 1988
Útflutningsframleiðsla						
Sjávarafurðir	32 605	40 500	41 700	9,8	7,0	0,0
Al og kísiljárn	5 539	6 250	7 200	9,2	3,0	2,0
Annað	4 476	5 000	5 600	-6,8	3,0	8,5
Samtals	42 620	51 750	54 500	7,2	6,1	1,0
Útflutt skip og flugvélar	340	600	400	.	.	.
Birgðabreytingar	-2 008	-100
Vöruútflutningur, alls	44 968	52 450	54 900	10,3	2,0	0,5
Vöruinnflutningur, alls	40 988	51 050	55 300	5,6	15,6	3,6
Almennur vöruinnflutningur ...	36 650	45 450	48 900	5,5	15,0	3,0
Þar af olía	3 693	3 350	3 750	2,8	3,0	2,0
Þar af annað	32 957	42 100	45 150	6,1	16,4	3,1
Sérstakur vöruinnflutningur	4 338	5 600	6 400	6,8	20,5	9,0
Vöruskiptajöfnuður	3 980	1 400	-400	.	.	.
Útflutt þjónusta (án vaxta o.fl.) .	18 157	21 000	22 400	-3,4	5,4	1,8
Innflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	15 354	19 000	20 100	-13,8	13,8	1,8
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	2 803	2 000	2 300	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	-6 229	-5 800	-6 300	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	554	-2 400	-4 400	.	.	.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1986–1988

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, % ¹⁾		
	Bráðab.		Þjóðhags- áætlun 1988	Bráðab.		Þjóðhags- áætlun 1988
	tölur 1986	Spá 1987		tölur 1986	Spá 1987	
Fjármunamyndun alls	29 030	36 130	41 050	-2,2	8,0	1,5
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	653	790	910	-33,1	2,9	3,7
Innflutt skip og flugvélar	1 862	3 000	3 600	61,6	47,8	15,4
Útflutt skip og flugvélar	-340	-600	-400	.	.	.
Önnur fjármunamyndun	26 855	32 940	36 940	-2,9	6,0	-0,5
I Atvinnuvegirnir	15 545	19 080	21 190	4,4	8,3	1,2
1. Landbúnaður ²⁾	2 020	2 200	2 340	9,5	-5,6	-5,0
2. Fiskveiðar	2 648	3 430	4 300	124,5	14,9	17,7
3. Vinnsla sjávarafurða	1 325	1 560	1 760	-7,3	5,0	5,0
4. Álverksmiðja	130	180	.	33,3	17,7	.
5. Járnblendiverksmiðja	30	30	30	-42,9	-13,3	-14,0
6. Annar iðnaður en 3.–5.	3 310	4 000	4 500	-9,5	8,0	5,0
7. Flutningstæki	1 240	1 550	1 810	-38,2	14,7	12,3
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o.fl.	2 470	3 050	3 140	9,7	5,0	-10,0
9. Ýmsar vélar og tæki	2 372	3 080	3 310	-0,3	15,0	-8,0
II Íbúðarhús	5 585	7 100	8,700	-15,0	8,0	7,0
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	7 900	9 950	11 160	-4,6	7,2	-1,8
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 070	1 120	1 680	-24,0	-10,9	33,3
2. Hita- og vatnsveitur	930	1 300	1 620	-13,5	18,9	8,8
Þar af hitaveitur	(720)	(1 030)	(1 310)	-12,7	21,8	11,1
3. Samgöngumannvirki	3 860	4 780	4 330	7,2	5,4	-20,9
4. Byggingar hins opinbera	2 040	2 750	3 530	-8,7	14,7	12,1

1) Magnbreytingar 1986 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1987 eru miðaðar við verðlag ársins 1986, en magnbreytingar 1988 eru miðaðar við verðlag ársins 1987.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Afli og aflaverðmæti 1981–1987

	Í þúsundum lesta						spá ¹⁾
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
1. Porskur	461	382	294	281	323	366	390
2. Annar botnfiskur	254	308	311	284	263	266	282
3. Síld	40	56	59	50	49	66	66
4. Loðna	642	13	133	867	993	898	900
5. Humar	3	3	3	2	2	3	3
6. Rækja	8	9	13	24	25	36	40
7. Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	16
8. Annað	23	5	11	12	8	5	5
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	1.702
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði, %							
Samtals	+0,2	+12,0	+5,2	13,9	13,9	17,5	8,1

1) Athygli skal vakin á því að aðferðum við mat á aflaverðmæti frystitogara, sölu á gámafiski og sölu fiskiskipa erlendis á föstu verði hefur verið breytt. Áhrifa þess endurmats gætir í tölum fyrir árin 1985–1987.

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1980–1987

(Á mann.)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	Áætlun 1986	Spá 1987
1. Vísitölur 1980 = 100								
Tekjur								
Kauptaxtar launþega	100	149	224	335	399	529	661	.
Ráðstöfunartekjur einstaklinga	100	159	247	395	506	743	977	1 363
Atvinnutekjur	100	156	240	376	481	685	911	1 253
Verðlag								
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	871	1 032
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	814	957
Verðlag einkaneyslu	100	151	233	420	541	717	870	1 031
Kaupmáttur¹⁾								
Kauptaxtar	100	99	97	80	74	74	77	.
Ráðstöfunartekjur	100	106	107	94	93	103	112	132
Atvinnutekjur	100	104	104	90	89	95	105	122
2. Breytingar frá fyrra ári, %								
Tekjur								
Kauptaxtar	50,9	49,0	50,4	49,5	19,3	32,6	25,3	.
Ráðstöfunartekjur	57,2	59,3	55,4	59,5	28,0	47,0	31,5	39,5
Atvinnutekjur	52,6	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	37,5
Verðlag								
Framfærsluvísitala	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,5
Byggingarvísitala	55,6	51,8	56,2	70,8	22,2	32,1	24,5	17,5
Verðlag einkaneyslu	56,2	50,5	54,0	81,0	29,0	32,5	21,3	18,5
Kaupmáttur¹⁾								
Kauptaxtar	-3,4	-1,0	-2,4	-17,4	-7,5	0,2	3,3	.
Ráðstöfunartekjur	0,6	5,8	0,9	-11,8	-0,8	10,5	8,5	17,5
Atvinnutekjur	-2,3	3,8	-0,1	-13,6	-0,9	7,6	9,5	16,0

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Tafla 6. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1987

(Á mann.)

	1980	1981	1982	1983	Áætlun 1984	Áætlun 1985	Áætlun 1986	Spá 1987
1. Vísitölur 1980 = 100								
Landsframleiðsla	100	102	100	94	97	101	107	114
Þjóðarframleiðsla	100	101	99	92	95	98	104	111
Viðskiptakjör ¹⁾	100	101	99	104	105	105	110	117
Þjóðartekjur	100	101	99	94	97	100	109	119
Þjóðarútgjöld	100	104	105	92	97	100	104	116
Einkaneysla	100	104	104	94	97	101	108	121
Samneysla	100	106	110	115	115	122	130	136
Fjárfesting	100	100	98	85	78	79	77	83
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	107	107	94	93	103	112	132
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %	-2,0	-4,2	-8,1	-1,9	-4,7	-4,0	-0,3	-1,2
2. Breyting frá fyrra ári, %								
Landsframleiðsla	4,4	1,5	-1,7	-6,2	3,5	3,4	6,3	6,6
Þjóðarframleiðsla	4,3	1,0	-2,3	-6,9	3,0	3,1	6,3	6,7
Viðskiptakjör	-3,4	1,0	-1,5	4,3	1,0	0,0	5,1	6,2
Þjóðartekjur	3,1	1,3	-2,5	-5,4	2,9	3,6	8,6	9,3
Þjóðarútgjöld	4,5	3,6	1,4	-12,0	5,7	3,0	3,9	11,2
Einkaneysla	2,4	3,6	0,0	-9,5	2,7	5,0	6,5	12,0
Samneysla	2,9	6,0	4,0	4,1	0,2	6,2	6,5	4,0
Fjárfesting	8,3	-0,1	-1,9	-13,4	-8,4	1,0	-2,2	8,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,8	0,9	-11,8	-0,8	10,5	8,5	17,5

1) Með viðskiptakjörum er hér eingöngu átt við hlutfallslegar verðbreytingar vöruskipta.